

Sp.

76. Tillaga til þingsályktunar

[57. mál]

um störf unglunga á varðskipunum.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gefa allt að 30 unglungum á aldrinum 15—17 ára tækifæri til þess að vinna um borð í skipum landhelgisgæzlunnar um þriggja mánaða skeið á hverju sumri. Skal tilgangurinn með þessari þjónustu vera sá að þjálfa unglunga í sjómennsku og kenna þeim jafnframt þau störf, sem unnin eru á vegum landhelgisgæzlu og slysavarna við strendur landsins. Þess skal gætt við val umsækjenda um þessi störf, að þeir séu úr hinum ýmsu landshlutum.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til, að nokkrum unglungum skuli árlega gefinn kostur á að vinna að sumarlagi um borð í skipum landhelgisgæzlunnar í því skyni að þjálfa þá í sjómennsku. Jafnframt eiga þeir að læra þau störf, sem unnin eru á vegum landhelgisgæzlu og slysavarna við strendur landsins. Um það ríkir ekki ágreiningur, að gagnlegt er, að slík kennsla og þjálfun fari fram. Í öllum landshlutum er þörf á, að sem flestir kunni til björgunarstarfa. Það er einnig hollt ungum mönnum að kunna nokkur skil á hinum þýðingarniklu störfum, sem unnin eru á skipum hinnar íslenzku landhelgisgæzlu. Dvölin á sjónum og kynni af sjómennsku mundu einnig verða unglungunum heilsusamleg og herðandi. Eðlilegt væri, að þeim yrðu greidd nokkur laun fyrir störf sín, t. d. allt að hálfum launum, auk fæðis og einhverra vinnu- og hlífðarfata.

Það er skoðun flm., að hér sé um tilraun að ræða, sem vel sé þess verð, að hún sé gerð. Íslendingar eru fiskveiða- og siglingaþjóð. Stefna ber að því, að siglingar verði í framtíðinni atvinnugrein, sem dregur drýgri gjaldeyrstekjur í þjóðarbúið en okkar litli farskipafloti gerir nú. Þess vegna er nauðsynlegt að örva áhuga ungra Íslendinga á siglingum og farmmennsku. Dvölin um borð í varðskipunum gæti einnig haft holl uppeldisáhrif á unglunga. Kynnin af löggæzlustörfum varðskipsáhafnanna gætu glætt þegnlegan þroska og ábyrgðartilfinningu hinna ungu pílta.

Það er skoðun flm., að æskilegt sé, að þeir, sem til þessarar starfa ráðast, séu úr hinum ýmsu landshlutum.

Þess skal að lokum getið, að flm. hefur rætt þessa hugmynd við forstjóra Landhelgisgæzlunnar, sem telur hana athyglisverða.